

Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

91. fundur, haldinn í Húsinu, Staðarbergi 6. þriðjudaginn 8. desember 2015 kl. 20:00

Fundinn sátu: Veiga Dís Hansdóttir, Ína Kathinka Grönvold Steinþórsdóttir, Katrín Rós Þrastardóttir, Bjarki Steinar Viðarson, Gunnar Árnason, Lára Rós Friðriksdóttir, Eva Rut Reynisdóttir, Breki Dagur Jónsson, Viktor Breki Auðunsson, Kristína Reynisdóttir og Árni Svavar

Afboðuðu: Kristinn Óli Haraldsson, Fjóla Dögg Aðalsteinsdóttir, Arna Kristín Arnarsdóttir, Tinna Dröfn Sigurðardóttir, Ísak Hafþórsson, Bryndís Björk Bergsdóttir og Adam Ingi Benediktsson

Fundargerð ritaði: María Birna Jónsdóttir, starfsmaður Ungmennaráðs

Dagskrá:

1. Fundarstjóri næsta fundar

Samþykkt að Gunnar Árnason sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður 22. desember 2015.

2. Lára og UMH logó - kynning

Lára Rós Friðriksdóttir kynnti fyrir UMH þrjú logó. Logó nr. 3 var valið og verður það fullunnið fyrir næsta fund. Ákveðið að vera með vinnusmiðju þegar logóið er tilbúið. Lára og starfsmaður UMH sjá um vinnusmiðjuna. UMH þakkar Láru Rós Friðriksdóttir fyrir kynninguna.

3. Kosningareglur vegna nemendaráða

Ákveðið var að búa til nefnd sem skoðar og kemur með tillögur um hvernig á að útbúa kosningareglur vegna nemendaráða – svona til að samræma á milli skóla. Katrín Rós Þrastardóttir og Bjarki Steinar Viðarson buðu sig fram.

4. Ritari UMH

Ákveðið að Ína Kathinka Grönvold Steinþórsdóttir taki að sér að vera ritari UMH.

5. Önnur mál

UMH stefnir á að vera með Ungmennahring í mars 2016. Mikil vinna felst í því að undirbúa viðburðinn og því ákveðið að skipulag og undirbúningur sé ásamt starfsmönnum UMH í höndumínu Kathinka Grönvold Steinþórsdóttir, Katrínar Róssar Þrastardóttir, Bjarka Steinars Viðarsonar, Gunnars Árnasonar, Láru Róssar Friðriksdóttir, Evu Rutar Reynisdóttir og Breka Dags Jónssonar.

Bjarki Steinar Viðarson kom með þá hugmynd að hittast þá þriðjudaga sem við erum ekki með UMH fundi. Á þessum þriðjudögum er frjáls mæting og er þá einnig svigrúm fyrir fulltrúa að hittast og ræða málin. Næstkomandi þriðjudag þann 15. desember verða „litlu jóla“ hjá UMH.

Undirbúningur í höndum Kídda, Katrínar og Óðins.

Næsti fundur áætlaður 22. desember 2015. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:34